

Nd.

633. Breytingartillögur

við frv. til laga um landnám, nýbyggðir og endurbýggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Fyrri hluti greinarinnar orðist þannig: Nýbýlastjórn er skipuð 5 mönnum, er kosnir séu hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Landbúnaðarráðherra skipar formann nýbýlastjórnar úr hópi þeirra, sem kosnir eru.
2. Við 14. gr.
 - a. Síðasta málsggr. orðist svo:
Lánin mega vera það hæst, að samtals hvili á jörðinni allt að 75% fasteignamatsverðs, að viðbættu kostnaðarverði þeirra bygginga, sem reistar kunna að verða. Þó má aldrei veita hærra lán en 75% kostnaðarverðs til nokkurra einstakrar byggingar. Reikninga um byggingarkostnað úrskurðar bankastjóri Búnaðarbankans.
 - b. Aftan við greinina bætist: Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laga nr. 116 30. des. 1943 má lána út á jarðir í opinberri eign á sama hátt og aðrar jarðir, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.
3. Við 36. gr. Aftan við greinina bætist: Þar, sem félagsræktun verður ekki við komið eða fljótvirkustu jarðvinnsluvélum, sbr. 10. gr., skal nýbýlastjórn heimilt að verja ákveðinni fjárrupphæð til undirbúnings hvers býlis. Sé slík greiðsla miðuð við meðalkostnað við stofnun býlis i byggðarhverfi og ákveðin á hverjum stað, áður en til einstakra býla er stofnað samkvæmt þessu ákvæði.
4. Við 43. gr. Aftan við greinina bætist: Ákvæði 1. og 2. gr. laga nr. 55 5. júní 1926 um forkaupsrétt á jörðum skulu víkja fyrir ákvæðum þessarar greinar, eftir því sem nauðsyn krefur. Ef byggingarsjóður eða sveitarstjórn kaupa jörð samkvæmt heimildum þessara laga, er þeim skyld að selja eða leigja jörðina gegn verði eða leigukjörum, er samsvarar kaupverðinu.
5. Við 53. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947, og eru þá úr gildi felld lög nr. 58 o. s. frv.
6. Við 54. gr. Greinin falli burt, en aftan við 53. gr. bætist svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði.

Þeir bændur, sem rétt hafa til byggingarstyrks samkvæmt lögum nr. 108 frá 9. okt. 1941 og byrjað hafa byggingu á jörðum sínum fyrir árslok 1946, en hafa ekki fengið neinn byggingarstyrk, svo og nýbýlastofnendur, sem eins stendur á um, geta valið um það, hvort þeir taka endurbýggingarstyrk eða nýbýlastyrk og sæta þeim lánskjörum, er verið hafa, eða koma undir ákvæði þessara laga um lánskjör án styrks.

Nú hefur maður fengið nokkurn hluta byggingarstyrks, og getur hann þá því aðeins fengið lán samkvæmt lögum þessum, að hann endurgreiði styrkinn.

Heimilt er og stjórn byggingarsjóðs, ef nýbýlastjórn mælir með því, að veita bændum viðbótarlán úr sjóðnum til íbúðarhúsa, sem byggð hafa verið á árunum 1943—1946.

Allar ákvarðanir samkvæmt þessum bráðabirgðaákvæðum skulu afgreiddar fyrir 1. júlí 1947.